

Nr. 17/1889

Hið opinbera
gegn

Einari Sigurðssyni á Merki.

D ó m u r:

Mál þetta er höfðað gegn hinum kærða út af óleyfi-
legri húsmennsku og er dæmt í aukarjetti Suðurmúla-
sýslu 8. dag ágústmán. f. á., með þeim úrslitum, að
kærði er dæmdur í 10 kr. sekt til fátækra sjóðs Fáskrúds-
fjarðarhrepps og 10 kr. sekt til hreppstjórans í nefnd-
um hreppi; svo er honum og gjört að greiða allan af
málinu löglega leiðandi kostnað.

Dómi þessum hefur að beiðni hins kærða verið
áfrýjað til landsyfirdómsins.

Það virðist nægilega sannað í málinu, að hinn
kærði hafi setzt að í húsmennsku í Fáskrúdsfjarðarhreppi
um vinnuhjúaskildaga 1886, og hins vegar er það ljóst,
að mál út af þessari húsmennsku, er hann ekki hafði
fengið leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar fyrir, ekki var
höfðað fyr en 7. júní 1888, eða meir en 2 árum eptir
að kærði gjörðist ólöglega húsmaður.

Í brjefi Norður- og Austuramtsins til hjeradsdóm-
arans, dags. 24. júlí 1888, er honum boðið að koma
fram ábyrgð gegn Einari samkvæmt 12. gr. tilsk.
26. maí 1863, *nema* það reynist við rannsóknina, að
fyrning sakar sje á komin eptir analogíunni af 67. gr.
hegningarlaganna, með öðrum orðum, málshöfðunarskip-
un amtsins er bundin því skilyrði, að ekki sjeu liðin
2 ár frá því brotið var framið. Við þessa skipun amts-
ins var hjeradsdómarrinn bundinn. En með því að
hann ekki hefur skeytt um hana, ber að dæma hinn
áfrýjaða dóm og alla meðferð málsins í hjeradi ómerkt.

Allur málskostnaður, þar með talin málflytningu-
laun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, 8 kr. til
hvors þeirra, greiddist af almannafje.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins í
hjeraði á að vera ómerkt. Málskostnaður allur, þar
með talin málflytningu-
laun til sóknara og svara-
manns fyrir yfirdómi, málflytningu-
mannanna Guð-
laugs Guðmundssonar og Páls Briem, 8 kr. til hvors
þeirra, greiddist af almannafje.

Nr. 3/1889

Benedikt Gröndal
gegn
Sigfúsi Eymundssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði útflutningastjóri Sigfús Eymunds-
son fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkurkaupstaðar gegn
fyrrum skólakennara Benedikt Gröndal fyrir ýmisleg
ummæli í ritlingi einum, er Gröndal hafði samið og gefið
út með fyrirsögninni: «Um Vesturheimsferðir», en hin
átöldu ummæli taldi Sigfús Eymundsson meiðandi fyrir
sig sem umboðsmann og útflutningastjóra fyrir hina
svokölluðu Allanlínu. Dómur var kveðinn upp í máli
þessu í bæjarþingsrjettinum hinn 29. nóvemberm. f. á.
með þeim úrslitum, að nokkur tilgreind ummæli í ritl-
ingnum voru dæmd dauð og ómerk, og Benedikt Grön-
dal dæmdur í 50 kr. sekt til landssjóðs, in subsidium
15 daga einfalt fangelsi, fyrir að hafa viðhaft þau, og
auk þess til að greiða 10 kr. í málskostnað. Dómi